



Gott að eldast á Íslandi

Herdís Björnsdóttir, félagsráðgjafi, MA og sérfræðingur hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu



Herdís
Björnsdóttir

Lýðfræðileg þróun í heiminum er sú að þjóðir eru að eldast og aldurssamsetning að breytast. Lífslíkur aukast samhliða lækkingandi fæðingartíðni og ljóst er að eldra fólki mun fjölga hratt á næstu árum. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) verða jarðarbúar 70 ára og eldri tvöfalt

fleiri árið 2050 en nú og um þrefalt fleiri árið 2070. Á Íslandi er fjöldi 67 ára og eldri um 50.300 í dag og er áætlaður fjöldi árið 2050 um 90.200. Þessu fylgja bæði tækifæri og áskoranir hér á landi og á heimsvísu. Eldra fólk lifir sem sé lengur en áður en jafnframt er það virkara og hraustara en nokkru sinni fyrr.

Gott að eldast

Þjónusta við eldra fólk þarf að þróast í takt við breytta aldurssamsetningu þjóðarinnar. Verkefnið „Gott að eldast“ er byggt á þingsályktun sem samþykkt var í maí 2023 um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027. Stjórnvöld taka þar utan um málefni eldra fólks með nýjum hætti. Verkefnið heyrir undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti og er unnið í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Landssamband eldri borgara, auk fjölda annarra hagaðila. Meginþungi aðgerða liggur í þróunarverkefnum sem ganga út á að finna góðar lausnir sem samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þætti sem ríkið sér um annars vegar og sveitarfélögin hins vegar. Sömuléiðis verður ráðist í aðgerðir sem hverfast um heilbrigða öldrun með alhliða heilsueflingu, sveigjanlegri þjónustu og stórbættum aðgangi að ráðgjöf og upplýsingum um þjónustu fyrir eldra fólk. Aðgerðirnar miða að því að tryggja hinum virkari og heilsuhraustari í hópi eldra fólks þjónustu sem stuðlar að þátttöku sem flestra þeirra í samfélaginu, sem allra lengst.

Rétt þjónusta á réttum tíma frá réttum aðila

Stærsta aðgerðin snýst um að þeir sem á þurfa að halda fái alla heimaþjónustu frá einum og sama aðila. Ekki á að þurfa að sækja um á mörgum stöðum, þurfa að vita hvaða starfsmaður kemur frá heilbrigðisþjónustunni og hver frá félagsþjónustunni. Allir eiga að geta fengið rétta þjónustu á réttum tíma frá réttum aðila.

Þróunarverkefni um samþætta heimaþjónustu

Sex heilbrigðisstofnanir og 22 sveitarfélög voru valin til þátttöku í þróunarverkefnum um samþætta heimaþjónustu. Verkefnið er breytingaferli sem byggist á virkri þátttöku beggja ábyrgðaraðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga. Lögð er áhersla á að íbúar upplifi að þjónustuúrræði styðji við búsetu þeirra heima og að treysta megi því að eitt þjónustuúrræði taki við af öðru þegar þjónustubörf eykst. Sýnt hefur verið fram á að samþætt þjónusta getur bætt líðan og heilsu eldra fólks, seinkað spítalainnlögnum og fækkað endurinnlögnum, og fyrirbyggt eða seinkað flutningi á hjúkrunarheimili. Slíkur árangur næst með aukinni samfelli í þjónustu við fólk, með einfaldari boðleiðum, teymisvinnu og flæði verkefna og þekkingar milli starfshópa.

Island.is – Að eldast

Nú er í fyrsta sinn hægt að nálgast upplýsingar um hvaðeina sem tengist þjónustu við eldra fólk og réttindum þess á einum stað á vefnum island.is undir heitinu „Að eldast“. Hingað til hafa upplýsingarnar verið dreifðar hér og þar og gjarnan verið flókið fyrir eldra fólk og aðstandendur að nálgast þær. Einnig verður hægt að sækja þaðan um heimaþjónustu hvar sem viðkomandi býr og þar verður aðgengi að samræmdu mælitæki, byggðu á sjálfsmati, til að meta þörf fólks fyrir heimaþjónustu.

Vitundarvakning um heilbrigða öldrun

Með vitundarvakningu um heilbrigða öldrun og átaki gegn fordómum er stefnt að því að gera samfélagið og þátttöku í því aðgengilegri fyrir alla aldurshópa. Jafnframt þarf að huga að því að byggja upp aldursvæn

samfélög. Með upplýsingum um heilsuefingu og gildi hennar og almennri þátttöku eldra fólks er einnig unnið gegn félagslegri einangrun og einmanaleika. Samskipti milli kynslóða eru líka nauðsynleg til að menning og þekking flytjist þeirra á milli og búa megi í haginn fyrir nýjungar og framþróun.

Virði en ekki byrði

Eldra fólk leggur mikið til samfélagsins og mikilvægt er að stuðla að auknu heilbrigði þessa hóps. Miðað við spár og þróun síðustu 10 ára má gera ráð fyrir að útsvars-

greiðslur eldra fólks verði tæp 30% af heildarútsvars-tekjum sveitarfélaga árið 2050 meðan hlutfall eldra fólks verður um 20% af íbúafjölda. Það er því fjárhagslega hagkvæmt fyrir sveitarfélög að stuðla að auknu heilbrigði þessa hóps. Með aukinni vitundarvakningu um ábata og framlag eldra fólks til samfélagsins má búast við því að sveitarfélög muni í auknum mæli reyna að laða þennan hóp til sín, meðal annars með bættri og samþættari þjónustu.

Nánar má lesa um aðgerðaáætlunina Gott að eldast á www.gottadeldast.is

Ráðstefnur framundan

Alþjóðleg ráðstefna: International Conference on Occupational Safety and Health at Work (ICOSHW)

19.–20. júní 2024 í Dublin, Írlandi

<https://conferenceineurope.net/eventdetail/2278340>

Alþjóðleg ráðstefna: Internatinal Conference on Social Work and Research (ICSWR)

20.–21. júní 2024 í Nice í Frakklandi

<https://conferenceineurope.net/eventdetail/2276607>

Ráðstefna ESN, Evrópusamtaka félagsþjónustu

26.–28. júní 2024 í Antwerpen Belgíu

<https://essc-eu.org/>

Alþjóðleg ráðstefna: International Conference on Social Work, Education and Social Development (ICSWESD)

26.–27. júlí 2024 í Dublin, Írlandi

<https://conferenceineurope.net/eventdetail/2392187>

Alþjóðleg ráðstefna: International Conferende on Social Work (ICSW)

14.–15. ágúst 2024, Róm, Ítalíu

<https://conferenceineurope.net/event-detail/2409843>

Ráðstefna ISPCAN ,alþjóðasamtaka gegn ofbeldi gagnvart börnum

18.–21. ágúst 2024 í Uppsölum, Svíþjóð

<https://ispcan.org/congresses/ispcan-congress-sweden-2024/>

Norræna barnaverndarþingið – NBK2024

2.–4. september 2024 í Osló, Noregi

<https://gyroconference.eventsair.com/nbk2024>

Ráðstefna PASG (Parental Alienation Study Group)

4.–6. september í Osló, Noregi

<https://www.pasg.no/konferanse-2024>

Alþjóðleg ráðstefna: International Conference on Social Work (ICSW)

15.–16. október í Kaupmannahöfn, Danmörku

<https://www.wrfconference.com/event/index.php?id=2528875>